

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

268. fundur

Föstudaginn 23. júní 2017 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru:

Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Sigrún Edda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason (yfirgaf fundinn eftir dagskrárliði 1 og 2), Bryndís Haraldsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir og Sverrir Óskarsson.

Fundinn sat einnig Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Leiðakerfisbreytingar
2. Fjárhagsáætlun 2017- viðaukar 1 og 2, breyting
3. Öryggismál
4. Dómsmál
5. Akranes - ferjusiglingar
6. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Leiðakerfisbreytingar

Fyrir fundinum lá minnisblað í samræmi við beiðni stjórnar sem kom fram á síðasta fundi stjórnar þar sem óskað var eftir kostnaðaráhrifum þeirra breytinga á leiðakerfi sem til umræðu hafa verið í stjórn.

Jafnframt lá fyrir fundinum tillaga frá Garðabæ um fjölgun ferða á Strætóleið 23, Álftanes.

Ragnheiður Einarsdóttir og Valgerður Gréta Benediksdóttir, sérfræðingar á skipulagssviði Strætó, fóru yfir umræddar breytingar og áætlun áhrif þeirra á rekstrarkostnað Strætó.

Stjórn samþykkir tillögu Garðabæjar um fjölgun ferða á Strætóleið 23, Álftanes, en vísar öðrum málum til áframhaldandi umræðu í stjórn.

2. Fjárhagsáætlun 2017 – viðaukar 1 og 2, breyting

Stjórn samþykkir þá breytingu á viðauka 1 og 2, sem samþykktur var á fundi stjórnar 9. júní sl., að einskiptiskostnaður vegna jöfnunar lífeyrisréttinda hjá opinberum starfsmönnum og einkaaðilum er tekinn út, þar sem ekki liggur fyrir hvernig með þann kostnað skuli farið í reikningsskilum ársins 2017.

Umræðu um hvernig þessi einskiptiskostnaður vegna jöfnunar lífeyrisréttinda hjá opinberum starfsmönnum og einkaaðilum verði gjaldfærður á samræmdan hátt í reikningsskilum byggðasamlaganna þriggja 2017; Strætó, Sorpu og Slókkviliði höfuðborgarsvæðisins, er vísað til eigendavettvangs (stjórnar SSH) til umfjöllunar.

3. Öryggismál

Áframhaldandi umfjöllun frá fundi stjórnar 9. júní sl. um öryggi í vögnum Strætó. Bergný Jóna Sævarsdóttir, gæða- og verkefnastjóri Strætó, fór yfir vinnu sem er í gangi við að uppfæra viðbragðsáætlanir og leiðbeiningar sem snúa að því að tryggja eins og kostur er öryggi farþega og starfsmanna í vögnum Strætó.

4. Dómsmál

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi stjórnar um niðurstöðu í dómsmáli Strætó bs. gegn Teiti Jónassyni ehf. (nr. 485/2016) sem kveðin var upp í Hæstarétti 2. júní 2017. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms (nr. E1055/2014) um rétt Teits Jónassonar ehf. til skaðabóta.

5. Akranes - ferjusiglingar

Á fundi stjórnar Strætó 26. maí sl. var erindi frá Akraneskaupsstað tekið fyrir, þar sem fram kom ósk um að farmiðar í ferju á milli Akraness og Reykjavíkur myndu gilda sem skiptimiðar inn í strætókerfið.

Framkvæmdastjóri leggur til að þetta verði heimilað í tilraunaskyni frá júní til október 2017. Í framhaldi af því verði skoðað hvort framhald verði á.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að svara Akraneskaupsstað erindinu.

6. Önnur mál

- a) Rætt um heimildir og stefnu Strætó í auglýsingum. Stjórn áréttar að setja þurfi leiðbeiningar þar um.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: 13:20

Fylgiskjöl:

- Tillaga frá Garðabæ um fjölgun ferða á Strætóleið 23, Álftanes, dagsett 19.06 2017
- Fjárhagsáætlun 2017, viðauki 1 og 2, breyting, dags. 23.06 2017

Heiða Björg Hilmisdóttir

Guðlaug Kristjánsdóttir

Sverrir Óskarsson

Bryndís Haraldsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir

Gunnar Valur Gíslason